

Starfsskýrsla

Skógræktarfélags Garðabæjar 2017-2018



Grunnskólanemar gróðursetja birki frá Yrkjusjóði

Erla Bil Bjarnardóttir

Kristrún Sigurðardóttir

Inngangur

Skógræktarfélag Garðabæjar var stofnað 24. október 1988, er því þrítugt í ár. Félagið er félag allrar fjölskyldunnar, með um félagsmenn 318.

Skógræktarsvæði félagsins eru; Smalaholt og Sandahlíð en þau liggja norðan og austan megin að friðlandi Vífilsstaðavatns. Tjarnholt og Hádegisholt eru upp af Urriðavatni og svo Leirdalur við Lönguhlíð áður í upplandi Garðabæjar. Leirdalur hefur verið tekinn undir þjóðlendu. Einnig hefur félagið ræktað jólatré í reit í Brynjudal í Hvalfirði ásamt Skógræktarfélagi Íslands og nokkrum skógræktarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Þá hefur félagið yfir að ráða aðstöðu austast í landi Vífilsstaða fyrir plöntur og vinnuskúr fyrir verkfæri.

Markmið félagsins er að vinna að uppbyggingu útivistarsvæða með framgangi skógræktar og trjáræktar í Garðabæ. Veita félagsmönnum fræðslu um skógrækt, trjárækt og gróðurvernd. Vinna að verndun skógarreita sem fyrir eru í bæjarlandinu og koma upp nýjum í samvinnu og samráði við bæjaryfirvöld og landeigendur.

Starfskýrsla þessi nær til tímabilsins 1. sept. 2017 til 31. ágúst 2018.

Stjórn félagsins

Stjórn Skógræktarfélagsins skipa frá aðalfundi 23. apríl 2018, haldinn í Safnaðarheimilinu Kirkjuhvoli:

Erla Bil Bjarnardóttir, formaður

Kristrún Sigurðardóttir, varaformaður

Hildigunnur Halldórsdóttir, ritari

Barbara Stanzeit, gjaldkeri

Björn Már Ólafsson, meðstjórnandi

Sigurður Sigurkarlsson, meðstjórnandi

Sigurður Þórðarson, meðstjórnandi

Varastjórn:

Ásta Leifsdóttir

Einar Örn Jónsson, vefstjóri

Heimir Sigurðsson

Smári Guðmundsson

Skoðunarmenn reikninga félagsins:

Ólafur Nilsson og Helgi Hjálmsón

Varaskoðunarmaður:

Símon Ólafsson

Stjórnarmenn þiggja ekki laun fyrir vinnuframlag til félagsins.

Samstarfsamningur

Samstarfssamningur Skógræktarfélagins við Garðabæ var endurnýjaður á aðalfundi félagsins 3. mars 2017 þegar Gunnar Einarsson bæjarstóri kom til aðalfundarins og undirritaði samninginn ásamt stjórn félagsins. Endurnýjun samningsins var samþykkt í bæjarstjórn 2. mars 2017. Samningurinn gildir í sex ár til ársloka 2022.

Honum þarf að fylgja eftir við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert en nauðsynlegt er að samningsupphæð fylgi verðlagi svo fjárveitingin rýrni ekki of hratt. Samningurinn gerir félaginu m.a. kleift að gera verktakasamninga við fagfólk til starfa á skógræktarsvæðum félagsins.



Úr Sandahlíð - hlaupaköttur meðal leiktækja

Umhverfishópar frá bænum

Skógræktar- og útivistarsvæðin hafa notið starfskrafta umhverfishópa undanfarin sumur til ýmissa góðra verka sem félagið er þakklátt fyrir. En vegna fækkunar í umhverfishópum áttu þeir fullt í fangi með að hamla útbreiðslu skógarkerfils og lúpínu um upplandið. Þeir náðu að bera kurl í útivistarstíga í Sandahlíð.

Heimasíðan www.skoggb.is

Markmiðið með vefsíðu félagsins er virk upplýsingaveita fyrir félagsmenn og alla þá sem kunna að sækja hana heim. Teljum að þetta hafi tekist undanfarið ár með fréttum af félagsstarfi og myndum.

Ráðgert er að endurnýja vefsíðuna síðar á árinu.

Útivistarkort í vasabroti sem félagið hefur látið útbúa er í boxum við upplýsingaskilti tiltæk í Smalaholti og Sandahlíð.



Aningastaðurinn í Furulundi í Smalaholti – sumar og vetur.



Félagsstarf

Haustferð laugardaginn 2. september 2017 austur fyrir Fjall.

Myndakvöld úr kynnisferð sem Skógræktarfélag Íslands skipulagði, var haldið 30. október í Kirkjuhvoli. Þar sagði Sigurður Þórðarson ferðasögu og sýndi myndir úr ferð um Alberta fylki og Bresku Kólumbíu í Kanada daganna 9.- 21. sept. 2017. Félagsmönnum var boðið ásamt ferðafélögum annarra skógræktarféлага. Nokkrir félagsmenn tóku þátt í ferðinni.

Opinn jólaskógur - jólatríásala 16. des. 2017, haldinn í Smalaholti.

Aðalfundur félagsins 13. mars 2018 í Safnaðarheimilinu Kirkjuhvoli. Gestir fundarins voru Þráinn Hauksson frá Landslagi ehf. og Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri Garðabæjar, kynntu þeir vinningstillögu að rammaskipulagi á Vífilsstaðalandi.

Brynjudalsferð þriðjudagskvöldið 3. júlí, umhirða og gróðursetning í jólatrjáareit félagsins.

Haustferð 2017

Árleg haustferð Skógræktarfélags var farin laugardaginn 2. september. Heimsóttir voru áhugaverðir staðir s.s. verðlaunagarður að Heiðmörk 36 í Hveragerði, Snæfoksstaðir í eigu Skógræktarfélags Árnesinga og þar fræðst um jólatrjáarækt. Hjá skógarbændum í Hrosshaga í Biskupstungum var gengið um skóginn og loks heimsótt fjölskylda í bústað þeirra að Syðri Reykjum. Þar var margt áhugavert að skoða og heyra frá ræktunarsögum þessa fólks og njóta samveru félagsmanna.



Frá haustferð um skógrækt Skógræktarfélags Árnesinga að Snæfoksstöðum.

Það er regla að gestgjöfum eru færðar plöntur fyrir móttökurnar úr eigin ræktun.

Afurðir úr skóginum

Opinn skógur í Smalaholti – Jólatrjáasala



Frá opnum jólaskógi í Smalaholti

Eins og fyrri ár stóð félagið fyrir „Opnum jólaskógi“ laugardaginn 16. desember í samvinnu við Rótarýklúbbinn í Garðabæ þar sem fjölskyldur komu í skógin að velja sér jólatré og fella sjálfar. Þar aðstoðuðu skógræktarfélagar gesti við skógarhögg og að pakka trjám í net. Rótarýklúbbsfélagar vísuðu á bestu trén, enda markmiðið að grisja of þéttan reit þeirra. Boðið var upp á heitt kakó og piparkökur. Seld voru um 50 tré af stafafurum, blágreni, þin og sitkagreni.

Opinn jólaskógur er orðinn fastur liður í starfsemi félagsins enda full þörf á að grisja skóginn þar sem trén fara ört stækkandi. Garðabær hefur keypt nokkur sitkagreni af félaginu sem prýddu bæinn um hátíðarnar.

Hjálparsveit skáta í Garðabæ fékk líkt og undanfarin ár stafafurur fyrir jólatrjáasölu sína á Garðatorgi gegn vægu gjaldi. Merktar voru um 80 stafafurur í Sandahlíð og víðar á skógræktarsvæðunum. Hjálparsveitin sá sjálf um að fella trén. Þetta samstarf hefur varað í nokkur ár til að auka fjölbreytni trjáa í jólatrjáasölu á Garðatorgi.



Formaður með starfsfólki Skógræktarfélag Reykjavíkur við jólatrjáakaup í Brynjudal

Brynjudalsreiturrinn var nú nýttur er samið var við Skógræktarfélag Reykjavíkur og Skógræktarfélag Íslands um jólatrjáasölu á blágreni.

Sumarstarfið

Starfsemi á skógræktarsvæðunum var í umsjón Erlu Biljar Bjarnardóttur formanns en ekki var ráðinn starfskraftur til félagsins, enda hefur verið erfitt að fá fagfólk til starfa yfir sumarið til að annast skógræktarsvæðin.

Umsjón með skógræktarsvæðunum fólst aðallega í að fylgjast með svæðunum og fjarlægja rusl á áningarstöðum. Semja við verktaka og hafa umsjón með þeim s.s. að slá lúpínu frá útivistarstígum og ofaníburður á stíga. Hefta útbreiðslu skógarkerfils og umsjón með Yrkjugróðursetningum grunnskólanna.

Farið var í árlega Brynjudalsferð í jólatrjáareitinn 3. júlí. Félagar báru þar á trén og bættu í svæðið með nýgróðursetningum. Snyrting í reitnum fólst í því að sagaðir voru stubbar af trjástofnum sem skildir voru eftir þegar jólatrén voru feld. Í aðstöðu félagsins við Vífilsstaði er fjöldi plantna í uppeldi sem Barbara Stanzeit hefur haft veg og vanda af. Síðar eru plönturnar gróðursettar úti á svæðin.



Glæsileg jólatré í reit Skógræktarfélagsins í Brynjudal

Skógarkerfill

Unnið var að því að uppræta kerfil í aðstöðu félagsins, sem er innan girðingar Vífilsstaða. Kerfillinn var sleginn og stunginn upp með rótum, en ekki var eitrað. Það er markmið félagsins að passa uppá að kerfill dreifist ekki út á skógræktarsvæðin frá aðstöðunni. Einnig er fylgst með hvort sést til kerfils á svæðunum, sem er auðvelt þegar hvít blóm hans stinga upp kollinum.

Við erum bjartsýn á að það náist að hemja útbreiðslu kerfilsins. Frá því að hrossabeit hófst á Vífilsstöðum hefur það heft útbreiðslu kerfilsins. Þessi tilraun bæjarins hefur staðið í tvö sumur eða frá því að bærinn keypti Vífilsstaðaland. Við teljum þessa tilraun með beit og traðk hrossa hafi borið sýnilegan árangur, enda óæskilegt að fá kerfilinn yfir á skógræktarsvæðið eða friðland Vífilsstaðavatns.

Yrkjugróðursetningar grunnskólanna

Þátttaka grunnskóla Garðabæjar í Yrkjuverkefninu og samstarf við Skógræktarfélagið hefur alltaf verið mikilvægur liður í störfum félagsins. Félagið undirbýr svæði til gróðursetningar nemenda og sækir um og

útvegar plöntur úr Yrkjusjóði sem frú Vigdís Finnbogadóttir stofnaði fyrir æskuna. Félaginu er með hverju ári örðugra að útvega heppilegt land til gróðursetningar nemenda, enda heppilegt land mjög að skornum skammti. Ánægjulegt er hve grunnskólar í Garðabæ hafa verið virkir frá upphafi í verkefninu með þátttöku og útivist.

Það var því ánægjulegt að félaginu tókst að fá heimild til að börnin fengju að gróðursetja birkiplönturnar á Bessastaðanesi, á svæði í framhaldi af skógarreit frá forsetatíð Ásgeirs Ásgeirssonar.

Þátttaka grunnskólanna að vorið 2018:

Flataskóli í Bæjargarði 5. júní,

Barnaskóli Hjallastefnu á Vífilsstöðum 23. maí,

Þátttaka grunnskólanna nú í haust:

Sjálandsskóli og Alþjóðaskólinn þann 6. sept. gróðursett í Sandahlíð,

Hofsstaðaskóli 11. sept. á Bessastaðanesi,

Álftanesskóli 12. sept. á Bessastaðanesi.



Nemendur 4. bekkja við gróðursetningu á Bessastaðanesi haustið 2017



Nemendur Barnaskólans á Vífilstöðum, við gróðursetningu 23. maí 2018



Nemendur 4. bekkja Flataskóla við gróðursetningu í Bæjargarði 5. júní 2018

Samstarf skógræktarfélaganna

Pátttaka og samstarf við önnur skógræktarfélög hefur alltaf verið mikilvægur liður í störfum stjórnar félagsins.

Sótt var Fagráðstefna Skógræktarinnar (áður Skógrækt ríkisins) haldin í Hofi á Akureyri 12. apríl sl. þema m.a. *Straumar og stefnur í skógrækt í heiminum.*

Samráðsfundur Skógræktarféлага á suðvestur horninu um jólatríáarækt.

Stjórnarmenn sátu aðalfund Skógræktarfélags Íslands 2018 haldinn af Skógræktarfélagi Rangæinga á Hellu. Stjórn Skógræktarfélags Garðabæjar lagði þar fram tillögu á fundinum sem var samþykkt. *Tillagan lagði til að stjórn Skógræktarfélags Íslands þrýsti á sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu að hefja framkvæmdir við Græna stíginn ofan höfuðborgarsvæðisins í áföngum sem fyrst.*

Stjórn Skógræktarfélags Garðabæjar hefur ætíð verið virkur samstarfsaðili meðal Skógræktarfélaganna.

Líf í lundi, gróðursetning Fullveldislundar í Sandahlíð 23. júní var dæmi um slíkt verkefni með stjórn Skógræktarfélags Íslands.



Frá gróðursetningu Fullveldislundar í Sandahlíð, 23. júní

Rammaskipulag um nýtingu Vífilsstaðalands – Smalaholtið er í hættu

Stjórn félagsins hefur fylgst með þróun skipulagsmála, setið íbúafundi um málið, verið í samtölum við bæjaryfirvöld og sent inn ábendingar og athugasemdir við rammaskipulag Vífilsstaðalands og breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030. Þá hefur félagið fylgt málum eftir með fundum með bæjarstjóra og fleirum.

Stjórnin hefur ritað nokkur bréf til bæjarins varðandi Smalaholtið:

- 08.06.17 til dómnefndar að rammaskipulagi Vífilsstaðalands
- 09.06.17, ath. við aðalskipulag Garðabæjar 2016 – 2030
- 13.02.18, tillaga að skógarskála og nýrri aðstöðu í Smalaholti
- 19.06.18, óskað eftir samstarfi um mat á verðgildi Smalaholts
- 27.08.18, athugasemdir við breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030

Á þessari upptalningu má sjá að reynt hefur verið að verja Smalaholt fyrir hugmyndum um að rýra það.



Tillaga að skógarskála og nýrri aðstöðu Skógræktarfélagsins í Smalaholti

Starfsemi og framkvæmdir á tímabili starfskýrslunnar

Skógarskáli Smalaholti Stjórn félagsins hefur látið vinna tillögu að skógarskála sem yrði staðsettur við aðkomuna að Smalaholti en hún var unnin af Sigurði Einarssyni hjá Batteríi arkitektum. Í skálanum er gert ráð fyrir aðstöðu með geymslurými fyrir verkfæri, salerni og á baklóð yrði afgirt svæði fyrir plöntugeymslu. Hugmynd að skógarskála þróaðist eftir að Garðabær eignaðist Vífilsstaðaland á árinu 2017, því ætla má að núverandi aðstaða félagsins þurfi að víkja fyrir nýrri íbúðabyggingu.

Líf í lundi, gróðursetning Fullveldislundar í Sandahlíð 23. júní 2018

Yrkjuverkefnið er umhverfisfræðsla – undirbúningur og umsjón með gróðursetningum nemenda grunnsóla bæjarins.

Rannsókn mófugla á skógræktarsvæðum Smalaholti og Sandahlíð, skýrsluskil í árslok 2017. Áður kannað 2003, birt á www.gardabaer.is

Útibekkjum fjölgað - keyptir og komið fyrir, tveimur í Smalaholti og einum í Sandahlíð við útivistarstíga.

Afleggjarar að Sandahlíð og Smalaholti lagfærðir með ofaníburði.

Opinn jólaskógur fyrir almenning – undirbúningur og framkvæmd.

Stærstu framkvæmdir:

Smalaholt - Grisjun samkvæmt áætlun hófst haustið 2017 og fram á vetur, kostnaður um 1,3 milljón kr.

Smalaholt – verktaki við lúpínuslátt meðfram útivistarstígum kostnaður um 1,2 milljón kr.

Smalaholt – yfirlögn á útivistarstíga skógarins fyrir um 5 milljónir kr.

Á þessari upptalningu má sjá að kostnaður við umhirðu skógarins er töluverður og á eftir að aukast með vexti skógarins og aukinni almennri útivist á skógræktarsvæðunum.



Smalaholt eftir grisjun skógarins og frágang viðarins

Starfsáætlun

Skógræktarfélag Garðabæjar 2018-2019

- Grisjun skógarins á umsjónarsvæðum félagsins.
- Sala jólatrjáa af svæðunum er tvíþætt, stuðlar að grisjun skóga og býður fjölskyldum bæjarins uppá afþreyingu.
- Umhirða á svæðunum.
- Hefting lúpínu og kerfils, sérstaklega frá stígum og í trjásýnireit.
- Viðhald stíga og ofaniburður í Smalaholti og Sandahlíð.
- Umhirða trjásýnireits.
- Gerð fræðsluskilta, merkingar trjátegunda og stíga.
- Gróðursetning og íbætur innan skógræktarsvæðanna.

- Gróðursetning og umhirða í jólatríáareit í Brynjudal.
- Endurnýja og bæta við bekkjum og borðum á áningarstöðum.
- Leggja nýja útivistarstíga í Hádegisholt – Græni stígurinn.
- Vinna að öflun nýrra skógræktarsvæða.
- www.skoggb.is endurnýjuð

Fjárhagsáætlun fyrir árin 2019

Félagið stefnir á að ráða verktaka eða starfsmann sumarið 2019 til ýmissa verkefna. Einnig er nauðsyn að halda áfram reglubundinni grisjun skógræktarsvæðanna. Haldið verði áfram með stígagerð og áningastaði og þeim viðhaldið á svæðunum.

Raunkostnaður áætlaður samtals kr. 7.000.000

Kostnaðaráætlun fyrir starfstyrk frá bæjarsjóði starfsárið 2019:

Útivistarstígar – viðhald og nýlagning	kr. 1.500.000
Grisjun skógræktarsvæðanna	kr. 1.100.000
Tilfallandi vegna starfseminnar	kr. 400.000

Samtals **kr. 3.000.000**

Samkvæmt samstarfssamningi Skógræktarfélagsins við Garðabæ ber stjórn félagsins að skila árlega starfskýrslu við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert, nú skilað 7. september 2018.

Garðabæ, 7. september 2018

f.h. stjórnar Skógræktarfélags Garðabæjar,

Erla Bil Bjarnardóttir, formaður

Kristrún Sigurðardóttir, varaformaður